



Margrét Dóra Ragnarsdóttir  
Nytsemissérfræðingur, aðjúnt

**Menntun**

B.A. Sálfræði, HÍ 1998  
M.Sc. Tölvunarfræði, HÍ 2003

**Vinnustaður**

Síminn og Háskóli Íslands

**Netfang og/eða farsími**

[maggadora@gmail.com](mailto:maggadora@gmail.com)

**Gerðist félagsmaður**

2006

**Viðfangsefni /starf**

Í augnablikinu er ég að vinna að risaverkefni hjá Símanum sem snýst um að umbylta innra vefumhverfi Símans til að bæta þekkingarmiðlun innan fyrirtækisins og auðvelda framlínu að afgreiða viðskiptavinum.

**Pælingar mínar tengdar vinnuvistfræði**

Tölvukerfi eru vinnuumhverfi margra. Illa hönnuð, ósamræmd og ósamþætt skapa slæmt vinnuumhverfi sem hefur neikvæð áhrif á afköst starfsmanna, starfsánægju og sjálfstraust. Það er fyrirtækjunum og starfsfólki mikill akkur að þetta vinnuumhverfi sé til þess fallið að styðja við starfsfólk.

**Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert**

Í febrúar síðastliðnum heimsótti ég Úganda og Rúanda. Það var meiriháttar. Bæði löndin eru stórkostleg en þó sérstaklega Rúanda sem er ekki bara hrein náttúruperla heldur er í gríðarlegri uppbyggingu. Eftir hörmungarnar á 10. áratugnum er þjóðin einörð í þeirri stefnu að takast á við vandamálin og ganga frá þeim. Annars munu þau elta hana alla tíð. Og þá er hægt að byrja að byggja á rústunum. Í eldfjöllunum sem sitja á landamærum Úganda, Rúanda og Lýðveldisins Kongó búa fjallagórrillur sem eru í bráðri útrýmingarhættu. Við nutum þeirra forréttinda að fá að sitja með einni górrillufjölskyldunni dagpart og fylgjast með þeim.